

Nr. 15.  
9.  
júli.

## Lög

um

breyting à lögum um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

**Vjer Frederik hinn Áttundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Aukakjörskrá þá, sem um er rætt í 12. gr. laga um kosningar til alþingis 3. okt. 1903, skal semja í maímánuði, svo að hún sje fullbúin 15. dag þess mánaðar, og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á sama eða sömu stöðum og aðalkjörskrá og liggja frammi næstu 7 daga. Á aukakjörskrá skulu þeir settir, er ekki hafa kosningarrjett, þá er kjörskrá gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir að fullnægja muni skilyrðum þeim, sem til kosningarrjettar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, svo og þeir, er eigi var vitanlegt um, þá er aðalkjörskrá var samin, að mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí. Enn fremur skal setja á aukakjörskrá þá kjósendur, er fallið hafa burt af aðalkjörskrá og einhverra orsaka vegna ekki hafa átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

### 2. gr.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá skal fara sem við aðalkjörskrá, en þó þannig, að frestir allir sjeu  $\frac{1}{3}$  styttri og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí.

### 3. gr.

Frestur sá, sem í 21. gr. kosningarlaganna er ætlaður yfirkjörstjórn til að fullgera kjörseðla, skal vera 10 dagar.

### 4. gr.

Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark. Má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum, stofnar stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 54. gr. kosningarlaganna.

### 5. gr.

Almennar reglulegar kosningar til alþingis, sem með 25. gr. kosningarlaganna er ákveðið að fari fram 10. dag septembermánaðar, skulu hjer eftir fram fara fyrsta vetrardag.

Nr. 15. Lög 9. júlí um breyting à lögum um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

## LOV

om

Forandring i Lov af 3. Oktbr. 1903 om Valgene til Altinget.

Nr. 15.  
9.  
Juli.

**Vi Frederik den Ottende**, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### § 1.

De i Lov om Valgene til Altinget af 3. Oktbr. 1903 § 12 omhandlede Tillægsvalglistener skulle affattes i Maj Maaned, saaledes at de er fuldt færdige den 15. Maj, hvilken Dag de skulle fremlægges til Eftersyn paa samme Steder som Hovedvalglistenerne og ligge fremme de følgende 7 Dage. Paa Tillægslisterne blive at opføre dem som ikke have Valgret paa den Dag (den 1. Juli) da Valglistenerne blive gældende, men som ventes i Løbet af det Aar, for hvilke Valglistenerne skal gælde, at ville opfylde de til Valgret fornødne Betingelser, samt dem om hvem det ved Valglistenes Affattelse ikke vidstes, at de vilde opfylde disse Betingelser inden 1. Juli. Endvidere opføres paa Tillægslisterne de Vælgere, som ere blevne udeladte af Hovedlisterne, og af en eller anden Grund ikke i rette Tid har kunnet fremkomme med Anke mod Valglistenerne.

### § 2.

De overfor Tillægslisterne fremsatte Klager og Indvendinger skal behandles paa samme Maade som overfor Hovedlisterne, dog saaledes at alle Tidsfrister forkortes med en Tredjedel, og at Duplikat af Tillægslisterne tilstilles Overvalgbestyrelsens Formand inden den 1. Juli.

### § 3.

Den i Valglovens § 21 for Overvalgbestyrelsen bestemte Frist til Fuldfærdigelse af Stemmesedler fastsættes til 10 Dage.

### § 4.

I Tilfælde af at en Valgkandidat dør, inden Valg foretages, og efter Anmeldelsesfristens Udløb, eller i Løbet af 3 Døgn forinden, kan en anden stille sig til Valg til Altinget inden 8 Dage, hvis over Halvdelen af den afdødes Stillere slutter sig til hans Kandidatur. Hvis Udsættelse af Valget behøves af disse Grunde skal Ministeriet anordne nyt Valg paa den i Valglovens § 54 foreskrevne Maade.

### § 5.

De almindelige ordinære Valg til Altinget, som i Henhold til Valglovens § 25 skal afholdes den 10. September, afholdes herefter den første Vinterdag.

Nr. 15.

9.  
júli.

6. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sje eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, og færir sjerstakar ástæður fyrir því, er kjörstjórn metur gildar, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

7. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógilt samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 41. og 48. gr. kosningarlaganna, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

8. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjörstjórn til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í öðrum málslíð 51. gr. kosningarlaganna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 9. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jónsson.***

## § 6.

Nr. 15.  
9.  
Juli.

Ifald en Vælger fremfører for Valgbestyrelsen, at han ikke er i Stand til at foretage Afstemningen paa den foreskrevne Maade og anfører særlige Grunde derfor, der godkendes af Valgbestyrelsen, skal det af Vælgerne dertil udvalgte Medlem af Valgbestyrelsen yde ham Bistand ved Stemmegivningen i Stemmerummet. Herom sker der Tilførsel i Valgprotokollen med Anførelse af Grundene.

## § 7.

Hvis et Medlems Valg kendes ugyldigt ifølge Forfatningslovens § 29, jfr. Valglovens §§ 41 og 48, skal Ministeriet anordne et nyt Valg saa hurtigt som muligt.

## § 8.

I Tilfælde af at Valg ikke kan foregaa i en Rep paa den bestemte Dag paa Grund af Uvejr eller af anden uafværgelig Aarsag, skal Undervalgbestyrelsen sammenkalde Valgmøde paany paa den i Valglovens § 51 andet Led foreskrevne Maade.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 9. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

*Frederik R.*

(L. S.)

*Björn Jonsson.*

Islands Ministerium, den 9. Juli 1909.

*Björn Jonsson.*

*Jon Krabbe,*  
kst.